

8. gr.

Orðið „vikulega“ í 21. gr. laganna falli niður.

9. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta.

10. gr.

Á eftir 23. gr. komi ný grein, sem verði 24. gr., svo hljóðandi, en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 15. gr. b og 16. gr. e, ef ástæða þykir til.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 81/1968 og 1. og 2. gr. laga nr. 28 25. apríl 1966.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað og kaптúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun. Heimilt er sveitarfélögum, sem hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annast öll störf vinnumiðlunar á svæðinu.

2. gr.

f-liður 3. gr. laganna falli niður og staflíðir greinarinnar breytast í samræmi við það.

h-liður, sem nú verður g-liður, orðast þannig:

að annast atvinnuleysisskráningar og láta launþegum, sem óskað hafa aðstoðar við vinnuráðningar, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu, enda leggi þeir fram vottorð frá vinnuveitendum um vinnutímabil og launagreiðslur, sbr. 5. gr.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Vinnuveitendur skulu og láta launþegum í té vottorð um vinnustundafjölda, sundurliðað eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á því tímabili, sem óskað er, innan 12 síðustu mánaða. Í vottorði þessu skal enn fremur upplýsa um launagreiðslur á þeim tíma, sem vottorðið tekur til. Enn fremur er vinnuveitendum skylt að tilkynna vinnumiðlun, hverjir neita vinnu á atvinnuleysistímabilinu. Slík neitun jafngildir, að umsækjandi neiti vinnu, sem vinnumiðlun býður honum.

4. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr., sem orðist svo:

Sérhver launþegi, sem óskar aðstoðar vinnumiðlunar, skal snúa sér til vinnumiðlunar í sínu sveitarfélagi. Dvelji hann utan sveitarfélags síns í sveitarfélagi, sem lög þessi taka til, getur hann snúið sér til vinnumiðlunar þar, sem umsækjandi um atvinnu. Vinnumiðlun dvalarsveitar sendir vinnumiðlun heimilissveitar þá tilkynningu um skráninguna hverju sinni, sem launþeginn lætur skrá sig. Jafnframt skal litið á slíkan umsækjanda sem umsækjanda um atvinnu í heimabyggð sinni.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið lætur gera nauðsynleg eyðublöð til afnota við framkvæmd laga þessara, þar á meðal eyðublöð fyrir kaupgjaldsskrár og vottorð vinnuveitenda, sbr. 5. gr. Útbúa skal sameiginlegt eyðublað fyrir skráningu hjá vinnumiðlun og umsókn um bætur til úthlutunarnefndar, sem vinnumiðlun ritar í þrítíti. Tvö eintök skal senda hlutaðeigandi úthlutunarnefnd eða verkafélagsfélagi, en vinnumiðlun heldur þriðja eintakinu.

Eyðublöð, samkvæmt lögum þessum, skulu afhent hlutaðeigendum ókeypis.

6. gr.

Greinatala laganna raskast þannig, að 6. gr. verður 8. gr. og síðari greinar samkvæmt því.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.